



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
Landssamtök um skynsamlega skotveiði

Alþingi

Nefnda-og greiningarsvið

150 Reykjavík

Mál nr. 349

Þingskjal 360

154. löggjafarþing

Dags 23.11.2023

Umsögn um frumvarp vegna breytinga á vopnalögum, nr. 16/1998.

Skotveiðifélag Íslands hér eftir eftir sem Skotvís gerir eftir athugasemdir við frumvarp til endurskoðunar á vopnalögum

Ljóst er að frumvarp þetta sem nú er til umsagnar er mun strangara og flóknara en lög t.d norðurlandanna sem nú þegar hafa uppfært lög við innleiðingu ESB löggjafar frá 2021. SKOTVÍS bendir sérstaklega á að Svíþjóð er að endurskoða sína vopnalöggjöf með þeim útgangspunkti að megingiltangur endurskoðunarinnar er að skapa regluverk sem gerir löglegum byssueigendum eins og veiðimönnum og íþróttaskyttum ekki erfitt fyrir að óþörfu og gera regluverkið skiljanlegra og aðgengilegra. T.d. leggja til skiptingu á refsíákvæðum skotvopnalaga í því skyni gera skýrari greinarmun á brotum sem venjulega eru framin af löglegum byssueigendum og notkun ólöglegra vopna af hálfu skipulagðrar glæpastarfsemi.

Skotvís gerir athugasemdir við uppsetningu á að frumvarpi að það sé ekki sett upp miðað við greinar núverandi laga heldur er frumvarpinu stillt upp sem greinum með tilvísun í greinar í vopnalögum. Það skapar rugling við yfirferð á frumvarpi. Reyndar hefði verið betra við svo umfangsmikla endurskoðun að leggja frumvarp til vopnalaga fyrir í einni heild.

Í frumvarpi þessu er ítrekað orðalagið ...” nánar tilgreint í reglugerð”. Ein aðal ástæða ýmisa vandamála í dag í sambandi við vopnalögin er einmitt að rekja til reglugerða, síbreytilegra vinnureglna og ákvarðanna embættismanna. Ekki er ljóst að frumvarpið minnki það flækjustig.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „skotvopn“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur: nauðsynlega íhluti.
- b. Á eftir orðinu „skotvopna“ í 3. másl. 1. mgr. og í 2. mgr. kemur: nauðsynlegra íhluta.
- c. 3. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að flytja til landsins eða framleiða skotvopn nema þau séu merkt skýrum, varanlegum og einstökum merkingum. Hið sama á við um innflutning og framleiðslu á nauðsynlegum íhlutum skotvopna. Sé nauðsynlegur íhlutur of smár til að merkja hann í samræmi við þetta skal hann a.m.k. merktur raðnúmeri, stafakóða eða stafrænum kóða. Þá skal hver grunnþakning fullbúinna skotfæra einnig merkt.

d. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir a- og b-lið getur lögreglustjóri heimilað að flytja inn hálfsjálfvirkar skammbyssur og hálfsjálfvirka riffla, séu vopnin sérhönnuð og sannanlega ætluð til íþróttaiðkunar. Þá er heimilt með leyfi lögreglustjóra að framleiða vopn samkvæmt þessari málsgrein til útflutnings.

e. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar um er að notkun í samræmi við 2. mgr. 14. gr. ræðir getur lögreglustjóri heimilað innflutning eða framleiðslu eftirlíkinga.

- f. 7. mgr. fellur brott.

Hér þarf að skilgreina hvað er sannanlegur íhlutur.

Margir íhlutir t.d gormar, fjaðrir eru það lítil og fíngerð að ómögulegt er að merkja þau á nokkurn hátt. Þetta ákvæði ætti því að falla brott

(12.gr laga) 9.gr d-lið

Lögreglustjóri getur veitt skotvopnaleyfi þótt viðkomandi hafi brotið ákvæði laga þeirra sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að brot var framið. Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið eða einstaklingur var sviptur skotvopnaleyfi getur lögreglustjóri þó veitt leyfi, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum og ekki verið um að ræða árásar- eða ofbeldisbrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, ítrekuð ölvunarbrott, ítrekuð brott gegn ákvæðum umferðarlaga um akstur undir áhrifum áfengis, fíkniefna eða annarra lyfja eða brott á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða lögum þessum.

Það er ekki fyrir neinn með eðlilega greind og lesskilning að ráða í hvert löggjafinn er að fara hér. Af þessu má skilja að hér sé verið að taka til baka þá heimild að veita mönnum skotvopnaleyfi þrátt fyrir fyrri lögbrot sbr. B. lið. Ef það er ekki ætlunin þá þarf einhver íslenskufræðingur að laga þennan texta.

(12.gr laga) 9.gr d-lið

“Skotvopnaleyfi skal ekki gefið út til lengri tíma en fimm ára í senn og til skemmri tíma ef ástæða þykir.”

Skotvís telur að ekki eigi að stytta gildistíma leyfa frá því sem nú er nema til staðar sé kerfi sem einfaldar endurnýjun þess verulega. Hin leiðin væri að gefa yfirvöldum mun frjálssari hendur til að svipta leyfi og skikka menn í endurmat.

Hinsvegar væri það mjög til bóta ef kerfið væri rafrænt og skotvopnaleyfishafar myndu í leiðinni á einfaldan hátt staðfesta þau vopn sem eru skráð á þeirra leyfi. Að uppfylltum þessum skilyrðum er SKOTVÍS jákvætt vegna þeirra breytinga.

“Ástæða þess að tíminn er stuttur núna er meðal annars að mun auðveldara er að sækja um nýtt leyfi en áður var þegar nú hægt er að gera það rafrænt og að auki kallar þetta á meira aðhald og eftirlit með þeim sem hafa fengið útgefið skotvopnaleyfi því lögreglustjóra er þá veitt sérstök heimild til þess að kanna hæfni umsækjanda um endurnýjun skotvopnaleyfi án þess að til þess þurfi sérstaka ástæðu til. Þannig getur lögregla óskað eftir frekari upplýsingum um heilbrigði viðkomandi og skoðað háttsemi viðkomandi í málaskrá. “

11. gr. frumvarps. (13. gr. laga)

„Enginn má eiga eða nota skotvopn, nauðsynlega íhluti og skotfæri nema að hafa til þess tilskilin leyfi eða heimildir. Hið sama gildir um varanlega óvirk skotvopn og eftirlíkingar skotvopna.“

Í reglugerð ESB þá er ekki kveðið á um bann eða leyfisskyldu. Gullhúðun...

“Objects which have the physical appearance of a firearm (replicas), but which are manufactured in such a way that they cannot be converted to expel a shot, bullet or projectile by the action of a combustible propellant, should not be covered by this Directive.”

“Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um að hafa skotvopnaleyfi fyrir þann sem er á æfingum á vegum viðurkenndra skotfélaga á viðurkenndu æfingasvæði.”

Þarna vantar að halda inni þessari málsgrein úr fyrri lögum um allavega tímabundna undanþágu þar sem þetta er einn aðal grunnurinn að kynningu á starfsemi og endurnýjun félaga í skotiþróttafélögum og

þeirra er stunda skotíþróttir. Þarna verður að opna á þann möguleika að kynna skotíþróttir fyrir almenningi eins og tíðkast allstaðar í Evrópu. Hér er gengið lengra en í okkar nágrannalöndum án rökstuðnings.

Í fyrsta lið 3.mgr. er fjallað um nýjan flokk skotvopnaréttinda, C-flokk, þar sem loft-vopn sem áður voru í D-flokki verða sett. Þetta er góð og löngu tímabær breyting og færir okkur nær mörgum nágrannalanda okkar þar sem loft-vopn eru jafnvel ekki leyfisskyld. Þessi breyting gerir þeim sem iðka víjja íþróttagreinar þar sem loft-vopn eru notuð mun auðveldara fyrir og er því mjög jákvæð. En vert er að minna á að í þeim löndum sem við miðum okkur hvað oftast við þá eru loft-vopn (loft-skammbyssur og loft-riflar) oftast ekki leyfisskyld eða einhver skilyrði til að eignast.

Þó ætti C leyfi að fylgja A leyfi sé viðkomandi virkur í skotíþróttafélagi og fyrirkomulag D leyfa að vera óbreytt það sem þetta yrði verulega íþyngjandi fyrir skot íþróttafólk sem nú þegar býr við mun þrengri lagaramma en nágrannalönd.

Í reglugerð/lögum ESB þá er fjallað um Flokk A, Flokk B og Flokk C. Í þessu flokkum er gerður greinamunur á hvernig sjálfvirk og háífsjálfvirk skotvopn verið um er að ræða. Hversu mikinn skotafjöldi þau taka, er einhver aukabúnaður á þeim og þar fram eftir götunum. En í frumvarpi þesu þá er allar sjálf- og háífsjálfvirkar byssur settar undir einn hatt. Skotvís leggur til að flokkun ESB verði skoðuð og sjálf- og háífsjálfvirkar byssur verði leyfðar sem við á er hentar veiðum og keppnisgreinum Skotíþróttasambands Íslands. Sem dæmi þ.á eru margar kúlugreinar stundaðar á Norðurlöndunum sem ekki hafa verið teknar enn upp á Íslandi.

Í þriðja lið 5.mgr sem fjallar um heimild lögreglustjóra til að leyfa notkun safnvopna tímabundið, telur Skotvís mjög jákvætt að þessi grein sé inni en hún mætti vera skýrar afmörkuð til dæmis eins og nú er, þar sem meginreglan er að slík heimild gildi í viku sem og hvaða svæði séu gjaldgeng í þessu tilliti, viðurkennd skotsvæði eða jafnvel einkaland.

Varðandi fjölda skota sem viðkomandi getur átt þá væri frekast sjá hann tilgreindan í lögum þessum fremur en með reglugerð ráðherra sem gæti verið síbreytileg eftir því hver sæti í ráðherrastóli. SKOTVÍS bendir á að þessi fjöldatakmörkun hefur verið mjög ströng hér á Íslandi og eðlilegast væri að hafa eitthvert viðmið frá Norðurlöndum þegar það er ákveðið.

Sem dæmi ef núverandi reglugerð væri framfylgt væri nær ógerlegt að stunda skotfimi á Íslandi og kollegar okkar í Skandinavíu skijja ekki forsendur þeirra hér á landi.

12. gr. frumvarps (14.gr. laga) 3. málsgrein.

Gengur lengra en reglugerð ESB liður 24 þar sem aðeins er talað um að tilnefna þurfi ábyrgðaraðila en ekki að viðkomandi þurfi að hafa skotvopnaleyfi.

13. gr. frumvarp 15. gr. laga

“Lögreglustjóri getur heimilað samtökum eða opinberu safni að eiga og varðveita skotvopn til söfnunar. Í slíku tilviki skal tilnefna einstakling sem skal annars vörslu vopnsins eða vopnanna og skal sá einstaklingur hafa skotvopnaréttindi í flokki S.”

Þetta gæti reynst mörgum söfnum erfitt að uppfylla og gengur lengra en reglugerð ESB liður 25 segir til um. Í reglugerðinni er ekki talað um að einstaklingur þurfi að vera skráður aðeins að það verði að vera skráð hvar viðkomandi gripur er í geymslu.

15. gr. frumvarps (17.gr. laga)

SKOTVÍS kallar eftir heimild til þess að skotveiðimenn geti farið með tilvonandi veiðimenn (undir 20 ára) á veiðar og kennt umgengni og meðferð skotvopna. Slík fræðsla á að koma sem fyrst á meðan unglingar eru að mótast. Öryggisþættir kenndir á þann hátt sitja lengur og fastar. Í dag eru að koma á námskeið aðilar sem hafa aldrei snert á byssu, vel yfir tvítugt og fá lágmarks þjálfun á námskeiðum.

Það er í algeru samræmi við sambærileg lög í Skandinavíu.

SKOTVÍS ítrekar að opna á þann möguleika að kynna skotíþróttir fyrir almenningi og leyfa að prófa skotvopn eins og tíðkast allstaðar í Evrópu. Hér er gengið lengra en í okkar nágrannalöndum án rökstuðnings.

16.gr. frumvarps (18. gr. laga)

Hér þarf að skilgreina nauðsynlega íhluti. Er t.d. byssustingur nauðsynlegur íhlutur sem þarf að skrá? Þarf þá að skrá alla hnifa lengri en 10 cm sem eru seldir í IKEA? Hver er tilgangurinn?

20. gr. frumvarps (23.gr. laga)

Í 3.mgr. 23.gr. segir að hver eigandi eða vörsluaðili skotvopns og fylgihluta skuli hafa yfir að ráða sérútbúnum vopnaskáp. Hér virðist horfið frá þeirri reglu að hægt sé að eiga allt að þrjú skotvopn án þess að hafa yfir að ráða vopnaskáp og telur Skotvís þessa breytingu löngu tímabæra og af hinu góða enda búið að tala fyrir þessari breytingu í mörg ár án árangurs við yfirvöld.

Um 6.mgr 23.gr. segir að ráðherra skuli setja reglugerð um stærð skápa eftir fjölda skotvopna íhluta og skotfæra. Þessi grein þykir Skotvís orka mjög tvímælis, skotvopn eru mjög mismunandi að stærð og skápur sem tæki að hámarki fimm rifla mundi léttilega rúma tuttugu skammbyssur svo gróft dæmi sé tekið, heppilegra væri að leggja þá skyldu á leyfishafa skotvopnaleyfa að þeir geti sannanlega komið öllum sínum vopnum í þar til gerða skápa.

Einnig er hér komið inn á að einstaklingar með sama lögheimili geti deilt skáp, þetta er mjög gott ákvæði og mundi Skotvís fremur vilja sjá það skýrt og afdráttarlaust í lögnum frekar en að falla undir reglugerð ráðherra.

Rétt er að geta þess að geymsla skotfæra og íhluta í stálskápum getur reynst varhugaverð sökum þess að sé þrengt að slíkum efnum td við bruna myndast sprengihætta sem er ekki til staðar séu þau geymd í öðrum læstum hirslum.

Að geyma varanlega óvirk vopn og eftirlíkingar í sérstökum vopnaskáp ætti að vera óþarfi, þar sem þar með er ávinningur af því að vera með eftirlíkingar frekar en virk vopn og að gera eldri og úrsérgengin vopn óvirk er þar með farinn. Nægilegt ætti að vera með veggfestar læsingar eða læsta sýningarskápa sem dæmi.

“Skotvopn í eigu skotfélaga skulu að auki vera varðveitt í húsnæði sem er búið þjófavörn og vaktað af viðurkenndu öryggisfyrirtæki. Hið sama á við um safnvopn. Þá er ráðherra heimilt að setja í reglugerð skilyrði um hvað telst vera viðurkennt öryggisfyrirtæki skv. 4. mgr. “

Skotvís telur að ekki sé hægt að uppfylla þetta ákvæði í dag þar sem ekkert öryggisfyrirtæki starfar eða er með viðbragsaðila utan stór Höfuðborgarsvæðisins Suðvesturlands að/og með Seifossi og á Akureyri og innanverðum Eyjafirði. Þarna ætti að koma í staðinn: Öryggiskerfi með úthringibúnaði og myndavélavöktun. Svo viðkomandi aðilar séu ekki neyddir til að kaupa þjónustu sem er ekki fyrir hendi og veitir falskt öryggi.

22.gr. frumvarps 25.gr. laga

“Lögreglu ber að gefa út vottorð þessu til staðfestingar og merkja hið varanlega óvirka skotvopn. Ráðherra hefur heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð um vottorð þessi og merkingar.”

Þarna vantar enn og oftur skýrari ákvæði um hvað telst vera óvirkt vopn og hvað það skal uppfylla til að hafa verið gert að slíku, með lagastoð ekki í síbreytilegri reglugerð, eins að ef á að merkja þessi vopn sérstaklega þá sé það ekki gert með þeim hætti að það rýri söfnunar og eða sýningargildi og og mögulegt verðmæti þeirra. Svo við vitnum í vopnalögin sem nú liggja fyrir hjá sænska þinginu.

“Kröfur um merkingar eru rýmkaðar á sama tíma og hægt gera undanþágur frá merkingarkröfum vegna söguverðmætra vopna.”

30.gr. núverandi laga

V. kafli. Meðferð annarra vopna.

Ekki er komið inn á 30. gr laga “Önnur vopn” í þessu frumvarpi

Skotvís telur að taka eigi líka þessa reglugerð til skoðunar og þá einna helst.

f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn, svo og örvarodda. Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi.

Talað hefur verið því við yfirvöld frá 2010 að breyta þessum lið til samræmis við Norðurlöndin og að það fylgi reglugerð ESB þar sem segir að bogi, örvar, örvaoddar og allt sem þeim fylgir sé ekki leyfisskylt. Slöngubyssur eru almennt leyfðar í löndum Evrópu án takmarkana. Þannig væri nærtækast að fella þennan lið út og setja svo með Lásboga að það fylgi B Skotvopnaleyfi.

31. gr. núverandi laga.

Skotvís leggur til að þessi grein verði alveg felld út enda hindri þetta afreksstarf í bogfimi á Íslandi.

30.gr. frumvarps 40.gr. laga

Það er ljóst að einhver misbrestur hefur verið á skráningu vopna í gegnum árin og þær skrár ekki alltof áreiðanlegar og enn eru að koma fram vopn úr t.d. dánarbúum sem eru ekki per se ólögleg eða illa fengin en óskráð. Það hefur verið hægt að framvísa þeim og fá skráð löglega án eftirmála fyrir þann sem hefur haft leyfi til eignar og vörslu og gert það að eigin frumkvæði og án refsiverðrar háttsemi ekki upp á yfirborðið og séu skráð löglega. Sbr. frétt FACE frá í september.

<https://www.face.eu/2023/09/how-the-revision-of-the-firearms-regulation-will-impact-stakeholders/>

“There are an estimated 35 million illicit firearms owned by civilians in the EU, so it’s vital that we take action to tackle this dangerous problem. We need to make sure, however, that we don’t do it at the expense of legitimate users and avoid creating unnecessary and unworkable burdens for them”.

Í greinargerð frumvarpsins segir að stofnaður hafi verið starfshópur með fulltrúum dómismálaráðuneytis, embættis ríkislögreglustjóra, embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Það sem vekur athygli og eins og Skotvís kemur inná í inngangi umsagnar þá telur félagið ámælisvert að í þessum starfshópi hafi ekki verið einn einasti fulltrúi frá hagsmunaaðilum svo sem Skotveiðifélagi Íslands Skotvís, félagi safnara á Íslandi Gunnloga, Skotíþróttasambandi Íslands eða aðildarfélaga þess. Þetta eru

Þeir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta og hjá þessum aðilum er mikil þekking til staðar um þessi málefni og í hæsta máta óeðlilegt að sniðganga þá aðila er málið varðar hvað mest með þessum hætti.

Í inngangi greinargerðar er lagt til að undanþága frá meginreglunni um innflutning sjálfvirkra og hálf sjálfvirkra vopna verði felld niður gagnvart safn vopnum, þá segir einnig “Hins vegar er lagt til að bannað verði að flytja safnvopn til landsins en slíkum vopnum hefur fjölgað mjög mikið hér síðustu ár”

Hér telur Skotvís margt óljóst og ekki vel ígrundað, algert bann við innflutningi safnvopna mundi sem dæmi væntanlega einnig taka til vopna svo sem framhlaðinna vopna sem vegna hlaupvíddar sinnar geta ekki fallið undir annan flokk skotvopna leyfis en S. Þau vopn eru í öllu tilliti safnvopn vegna aldurs þeirra og sögu og/eða nútíma virkra eftirgerð af slíkum vopnum. Skotfimi með slíkum vopnum er ekki hægt að stunda með öruggum hætti með þeim forngripum er til eru héraendis nú þegar og telur Skotvís því óþarfi að banna innflutning safnvopna alfarið.

Þar sem vísað er í norsk lög sem dæmi þá eru í þeim heimildir fyrir eign á bæði miðkveiktum hálf sjálfvirkum rifflum og skammbyssum til íþróttaiðkunar mjög rúmar og ekki verið talinn ástæða til að þrengja þær þrátt fyrir hryðjuverkin í Útey 2011. Byssur eldri en 1890 eru ekki leyfis eða skráningarskyldar, fyrir minni loftbyssur þarf eingöngu að vera fullra 18 ára til að mega eiga og nota. Í Danmörku er umgjörðin mjög svipuð og á mestan hátt umtalsvert rýmri en hér á landi byssur eldri en 1870 eru ekki leyfis eða skráningarskyldar, fyrir minni loftbyssur þarf eingöngu að vera fullra 18 ára til að mega eiga og nota.

Nánast öll þau ríki er við berum okkur saman við leyfa mun lægri aldur til iðkunar skotíþróttar og allt niður í 6-8 ára aldur og oft sem valhluta innan námskrár skóla.

Finnsku vopnalögin eru ein þau rýmstu í EU og vopnaeign almennust (226þús skammbyssur sem dæmi) en þar eru afbrot með vopnum sjaldgæf og ekki talinn teljandi vandamál eða hætta. Bretar búa við eina þrengstu vopnalöggjöf í Evrópu síðan 1996 varðandi eign og skráningu vopna, þetta hefur þó ekki leitt til fækkunar afbrota og hefur jafnvel verið aukning í vopnatengdum afbrotum síðan 2015. Í nýjustu vopnalögum sem liggja fyrir í Svíþjóð er einmitt greinargerð sem bendir á að þrátt fyrir þrengingar á vopnalögum hefur afbrotum vegna þeirra ekki fækkað en hinsvegar hafa þær aðgerðir bitnað á skotveiðimönnum og skotíþróttamönnum, sem eru jú yfirleitt mjög löghlýðinn hópur. Glæpamenn eru það hinsvegar ekki og er slétt sama um hvaða vopnalög gilda hverju sinni.

Í kafla 2. um tilefni og nauðsynlegar breytingar er komið inn á þá staðreynd að safnvopnum sem eru sjálfvirk eða hálf sjálfvirk hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Ástæða þessa er einfaldlega sú að fram til ársins 2015 var ill eða ógerlegt að flytja slík vopn til landsins og markaðurinn fyrir þau í algeru svelt, það þurfti því ekki að koma á óvart að mikill sölukippur gerði vart við sig þegar opnað var á innflutning þar sem eftirspurn var til staðar og má að sama skapi gera ráð fyrir að þessi markaður muni fara að mettast og komast jafnvægi á framboð og eftirspurn innanlands sem um leið myndi draga úr innflutningi.

Skotvís telur óþarft að fella þessa undanþágu út og til þess eins fallið að gera söfnurum með sértækar áherslur erfitt fyrir að fullkomna söfn sín. Skoða mætti hvort hægt væri að setja sanngjörn og eðlileg skilyrði fyrir slíkum undanþágum.

Skotvís veit ekki um nein alvarlegt mál vegna einstaklinga, sem aldrei hafi haft skotvopnaleyfi eða verið sviptir því, þar sem safnvopn kemur við sögu heldur hafi þau skotvopn sem um ræðir í áðurgreindum atvikum verið í öðrum flokkum skotvopna en S flokki.

Því skýtur skökku við að það skuli vera lagt til í frumvarpi þessu að rýra möguleika safnara til að stunda sitt áhugamál í ljósi þessa.

Þá telur Skotvís ekki nokkurn vafa leika á því að safnvopna er mun betur gætt en til dæmis veiðivopna eða vopna til íþróttaiðkunar og er það ekki einungis vegna þess að ríkari kröfur séu gerðar til vörslu safnvopna heldur einnig vegna þess að þau eru mun minna höfð um hönd en önnur vopn og safnarar almennt mjög meðvitaðir um stöðu sína og sinna safna og leggja sig því fram um að fylgja settum reglum til þess ýtrasta.

Niðurlag.

Endurskoðun vopnalaga var orðin tímabær og Skotvís telur margt gott í nýju frumvarpi, skýrari línur eru lagðar í mörgum tilfellum sem er jákvætt þótt full langt sé gengið á köflum umfram reglugerðir ESB, samt er of margt skilið eftir opið og látið falla undir reglugerð ráðherra í stað þess að festa í lög sem hefur verið eitt helsta vandamál við vopnalögin að það er svo mikið opið gagnvart vinnureglum, og reglugerðabreytingum eftir hentugleika hverju sinni.

Skotvís vonar að lögin séu grundvöllur frekara samráðs við fagfélög um skotveiði og skotvopn.

Stjórn SKOTVÍS.